



LÖGMANNSSTOFA
LOGA EGILSSONAR HDL.EHF.

Mosfellsbær
b.t. Finns Birgissonar, skipulagsfulltrúa
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Umbj. m., Kjartan Jónsson, kt. 290551-4129, Dunki, 371 Dalabyggð, hefur falið undirrituðum lögmanni að gera athugasemdir og svara kynningu að deiliskipulagi fyrir Hraðastaði 1, land nr. 123668 sem honum var sent í bréfi frá þér dags. þ. 27. apríl 2016. Umbj.m. er eigandi að jörðinni Hraðastöðum I, landnúmer 123653, Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Framangreind kynning að tillögu að deiliskipulagi varðar það að gera Jóhannesi Sturlaugssyni kleift að byggja á lóð þeirri er um ræðir tvö hús í norðurhluta hennar að hámarki 45 m² með þar tilgreindum skilyrðum.

Umbj.m. er í sjálfur sér ekki á móti því að byggingar þessar rísi en mótmælir harðlega því að landið sem hann á og liggar að lóð Jóhannesar verði skipulögð í leiðinni á deiliskipulagi þannig að hún verði hér eftir talin opið svæði. Umbj.m. samþykkir því ekki að deiliskipulagið nái yfir land Hraðastaða I (lögbýlisins). Land Hraðastaða I sem deiliskipulagstillagan tekur til er samtengt öðru landi Hraðastaða I.

Umbj.m. krefst þess að staða lands hans verði óbreytt. Ástæða umbj.m. er sú að hann hefur ýmsar hugmyndir um nýtingu lóðar sinnar (lands) á annan hátt m.a. með byggingarframkvæmdum. Umbj.m. vill taka fram að það sé rangt í tillögu að deiliskipulaginu að þar standi hlaða, hér er einungis um tóft að ræða og enginn lóðarsamningur um tóftina sem merkt er nr. E-4 á uppdrættinum, þá er óvissa um eignarhald á hlöðunni/tóftinni og staða hennar að öðru leiti óljós.

Þar sem umbj.m., fer með eignahald á ofangreindu landi og vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi óskar hann að samráð verði haft við hann vegna framangreindra breytinga þar sem hann hefur hagsmunu að gæta og vill ekki að gengið sé á hans eignarrétt þannig að hann rýrni.. Þá óskar umbj.m. eftir að hann verði upplýstur um framvindu málsins.

Hafnarfirði, 10. maí 2016

Logi Egilsson hdl

ÁBYRGÐARBRÉF